



Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður
fjardabyggd@fjardabyggd.is

Dagsetning 1. desember 2023
Málsnúmer **MAR23110206**

Efni: Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2023/2024

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 849/2023, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024, hefur matvælaráðherra allt að 4.829 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 851/2023, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2023/2024.

Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 851/2023 hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Úthlutun innan sveitarfélagsins verður eftirfarandi:

Byggðarlag	Hlutfall úthlutunar af heildarúthlutun til allra byggðarlaga	Breyting úthlutunar milli ára (í þorskígildistönnum)	Úthlutun fiskveiðiársins 2023/2024 (í þorskígildistönnum)	Úthlutun fiskveiðiársins 2022/2023 (í þorskígildistönnum)
Breiðdalsvík	2,2%	0	107	107
Mjólfjörður	0,3%	0	15	15
Stöðvarfjörður	2,1%	0	99	99

Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2023/2024 liggur fyrir er sveitarfélögum því gefinn frestur til 29. desember n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur. Eftir að tillögur sveitarstjórna um sérstök skilyrði verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins í 7 daga áður en þær verða teknar til efnislegrar meðferðar.

Í þeim tilvikum að ekki komi fram óskir um sérreglur innan framangreinds tímafrests mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er. Einnig geta sveitarfélög sent ráðuneytinu staðfestingu á að ekki sé fyrirhugað að leggja fram tillögu að sérreglum og þá mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í viðkomandi byggðarlögum án tafar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarfélög þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælt er með að sveitarfélög noti vegna tillögu um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra og fylgir með í viðhengi.

F.h. ráðherra


Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir


Jón Þrándur Stefánsson